

AUGLÝSING

68

9. maí

um að út séu gefnir nýir 100 króna bankaseðlar samkvæmt lögum um Landsbanka Íslands.

Stjórn Landsbanka Íslands hefir samkvæmt lögum nr. 10, frá 15. apríl 1928, gefið út handa Landsbankanum 100 króna seðla með svofelldri nýrri gerð:

Framan á seðlunum er prentað gildi þeirra og er talan tilfærð í bókstófum, svo og orðin: Samkvæmt lögum nr. 10, 15. apríl 1928 Landsbanki Íslands. Eru þessi orð með dökkrauðum lit á marglitum skildi, en skjöldurinn á marglitum grunni í rauðleitri umgerð með skrautgreinum á. Fyrir ofan orðin er letrað nafn bankans: LANDSBANKI ÍSLANDS, en undir þeim stendur nafn formanns bankaráðsins og nafn eins af bankastjórunum, og eru nöfnin með rithönd þeirra. Vinstra megin við orðin er prentuð brjóstmynd Jóns Sigurðssonar, en hægra megin er mynd Jóns Eiríkssonar sem vatnsmerki í hvítum, kringlöttum reiti. Í öllum hornum er prentuð talan 100, er táknar gildi seðlanna; er hún með ljósrauðum lit í dökkrauðum, ferhyrndum reiti innan við umgerðina. Á framhliðina slær nokkrum purpuraroða. Aftan á seðlunum er hinn hvíti kringlötti reitur með mynd Jóns Eiríkssonar sem vatnsmerki í vinstra megin, en hægra megin er prentuð mynd af fjársafni við Þjórsá, neðan við Gaukshöfða, í kringlóttri umgerð og eru upphafsstafir bankans, „L“ og „Í“, skrautlega dregnir, hvor til sinnar handar. Grunnflöturinn umhverfis er með brugðningum og yzt er umgerð með skrautgreinum í, en innan við hana talan 100 í hverju horni í kringlöttum skildi með skrautverki umhverfis í ferhyrndum smáreiti. Er bakhliðin öll prentuð með rauðleitum lit.

Hinir eldri 100 kr. seðlar Landsbankans gilda fyrst um sinn jafnframt hinum nýju.

Þetta birtist hér með almenningi.

Fjármálaráðuneytið, 9. maí 1935.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

REGLUGERÐ

69

14. maí

um viðauka við reglugerð frá 15. marz 1935 um framleiðslu, meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Aftan við „Ákvæði um stundarsakir“ komi ný málsgrein svohljóðandi:

Meðan ekki er kostur á nægilegri mjólk, sem framleidd er samkvæmt ákvæðum VII. kafla þessarar reglugerðar, til þess að seljast ógerilsneydd, skal